



Ritrynd grein birt 16. október 2012

Katrín Björg Ríkarðsdóttir
og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði¹

Í greininni er fjallað um birtingarmyndir kynjakerfisins í reynslu kvenna af námi og störfum í húsasmíði og tölvunarfræði. Tekin voru viðtöl við átta konur í greinunum tveimur. Allar höfðu þær lokið námi á síðastliðnum sex árum áður en viðtölin voru tekin. Húsasmiðirnir höfðu stundað nám í þremur framhaldsskólum og tölvunarfræðingarnir í þremur háskólum á ólíkum stöðum á landinu. Í greininni er leitast við að svara því hvort kynjakerfið í formi útilokunar, aðgreiningar og undirskipunar kvenna komi fram í reynslu þeirra, hvaða teikn séu skýrust og hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda jafnvægi þegar tilraunir eru gerðar til að vinna í trássi við það. Meginniðurstaðan er sú að þótt einstaka konum takist að bjóða kynjakerfinu birginn dugi það skammt þar sem birtingarmyndir kynjakerfisins eru ekki persónuleg sérvíska heldur kerfislægt fyrirbæri. Margt af þessu var ekki augljóst fyrr en skyggst var undir yfirborðið og hlustað á raddir kvennanna. Þá kom í ljós að ýmsir þættir kynbundinnar menningar í reynslu þeirra eru mjög lúmskir og í flóknu samspili við launavinnu, heimili, kynverund, ofbeldi og þátt ríkisins. Þær niðurstöður eru í samræmi við kynjakerfiskenningu breska félagsfræðingsins Sylvia Walby.

Katrín er menntunarfræðingur og framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttinda-deildar hjá Akureyrarbæ, Ingólfur er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Can the patriarchal system be challenged? The experience of eight women as carpenters and computer scientists

The article deals with how the patriarchal system of power appears in the experience of women in two types of jobs, the building industry and computer science. Eight women in the two types of jobs were interviewed. The carpenters had studied their vocation in three different secondary schools and the computer scientists in three different universities across the country. The inquiry focused on if and how the patriarchal system in the forms of exclusion, segregation or subordination tends to seek equilibrium when there are attempts to break it down.

¹ Greinin er byggð á meistaraþrófrannsókn Katrínar í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri (Katrín Björg Ríkarðsdóttir, 2011b). Ingólfur var leiðbeinandi hennar og ráðunautur við verkefnið var Sigríður Halldórsdóttir, prófessor í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

The main finding is that even though individual women can challenge the system it keeps on because it is not based on personal eccentricities. Many of the findings did not become apparent until the researchers looked under the surface and listened to the voices of the women. This revealed that many elements of gendered culture and experiences are hidden and in a complex relationship with different layers of everyday life. These findings are in line with Sylvia Walby's theory of the patriarchal system. Katrín has a M.Ed.-degree in education and is director of the social and human affairs department at Akureyri Municipality, Ingólfur is professor of education at the University of Iceland, School of Education, and University of Akureyri, School of Humanities and Social Sciences.

Inngangur

Kynbundið náms- og starfsval hefur umtalsverð áhrif á uppbyggingu og þróun samfélaga. Með því er lagður grunnur að kynjaskiptingu samfélagsins sem á stóran þátt í að viðhalda kerfisbundnu mismæmi í aðstöðu kynjanna á vinnumarkaði þar sem störf kvenna njóta oftast nær minni virðingar, valda, áhrifa og launa en störf karla. Enda þótt tölur um námsval séu tiltækar virðist tiltölulega lítið hafa verið hugað að stöðu kynjanna í náminu sjálfu og því hvort ef til vill sé ástæða til að styðja sérstaklega við konur sem velja sér nám á hefðbundnu karlasviði, og karla sem velja sér nám á hefðbundnu kvennasviði. Umfjöllunarefni þessarar greinar er birtingarmynd kynjakerfisins í reynslu kvenna af námi og störfum í húsasmíði og tölvunarfræði.

Kynjapólitískur bakgrunnur rannsóknarinnar er femínískur. Stuðst er við kenningu breska félagsfræðingsins Sylvia Walby (1990) um kynjakerfi, félagslegt yfirráðakerfi þar sem konur verða fyrir útilokun, aðgreiningu og undirskipun. Í greininni er spurt hvort kynjakerfið komi fram í reynslu kvenna sem hafa stundað nám og störf sem eru óhefðbundin fyrir kyn þeirra og hvaða einkenni eða teikn um það séu skýrust. Einnig er spurt hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda konum undir þrátt fyrir tilraunir kvennanna til að bjóða því birginn með því að nema og starfa í hefðbundnum karlagreinum.

Bakgrunnur

Þegar lítið er á tölur Hagstofu Íslands (2010a) yfir brautskráningar á framhaldskóla- og háskólastigi og starfandi fólk eftir starfsstéttum má sjá sterka tilhneigingu til kynjaskiptingar. Ef lítið er til þeirra náms- og starfsgreina sem eiga við um konurnar í þeirri rannsókn sem hér er greint frá þá brautskrást afar fáar konur sem húsasmíðir og tölvunarfræðingar á Íslandi. Á árunum 1997–2009 var hlutfall kvenna sem brautskráðust sem húsasmíðir aðeins á bilinu 1–3 % (Hagstofa Íslands, 2010b). Meðal brautskráðra tölvunarfræðinga er hlutfall kvenna nokkuð hærra en þó ekki nema 13–28% á árunum 1997–2009 (Hagstofa Íslands, 2010b).

Ýmsir fræðimenn, bæði innlendir og erlendir, hafa bent á að kynjaskipting í námi leiði til ójafnvægis á vinnumarkaði þar sem konur og karlar starfa á mismunandi sviðum (sjá t.d. Francis og Skelton, 2005; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007; Mastekaasa og Smeby, 2008; Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Hinn kynjaskipti vinnumarkaður hefur sterk áhrif á laun kynjanna en samkvæmt rannsóknum búa svokallaðar kvennastéttir, þ.e. stéttir þar sem konur eru meira en 60% starfsmanna, oftast nær við lægri laun en sambærilegar stéttir þar sem kynjahlutfall er jafnara eða karlar eru í meirihluta (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005).

Í *Skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna* (Forsætisráðuneytið, 2004) eru færð rök fyrir því að samfélagsleg áhrif kynjaskiptingar í námi séu mikil og að samfélagið allt beri ábyrgð á því að jafna kynjahlutfall. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar endurspeglar launamunur kynjanna ólíkan starfsvettvang kynjanna og því er haldið fram að stærstan

hluta hans megi skýra með mismunandi náms- og starfsvali kynjanna. Innsýn í það hvernig konur – eða karlar – velja nám sem hitt kynið hefur fremur stundað er því mikilvæg til að skilja hvort og hvernig hægt er að hafa áhrif á slíkt kynbundið námsval.

Kynjakerfið

Meðal lykilhugtaka til að skoða kynjaskiptingu í námi og störfum eru útilokun (e. *exclusion*), aðgreining (e. *segregation*) og undirskipun (e. *subordination*). Kenning Walby (1990) um kynjakerfið (e. *patriarchy*) gerir ágæta grein fyrir þessum fyrirbrigðum. Orðið *patriarchy* hefur þó á íslensku oftast verið þýtt sem feðraveldi en Þorgerður Einarsdóttir (2006) leggur til að notað sé orðið kynjakerfi yfir hugtakið eins og það hefur þróast í meðförum Walby. Walby skilgreinir kynjakerfið sem félagslegt kerfi og venjur þar sem karlar ráða yfir konum, kúga þær og nota.

Walby telur að kynjakerfið sé samsett úr sex meginþáttum, það er launavinnu (e. *paid employment*), heimili (e. *household production*), menningu (e. *culture*), kynverund (e. *sexuality*), ofbeldi (e. *violence*) og ríki (e. *state*). Hún fjallar um þessa þætti í sérstökum köflum í bók sinni, *Theorizing Patriarchy* (Walby, 1990). Hún setur upp þrjár spurningar varðandi launavinnuna: Hvers vegna þéna konur venjulega minna en karlar, hvers vegna stunda konur verr launuð störf en karlar og hvers vegna vinna konur önnur störf en karlar? Varðandi heimili segir Walby samband kynjanna hafa breyst verulega síðustu áratugi. Konur (og karlar) skipti um maka, konur eigi börn án þess að vera í samböndum og þær vinni hjá öðrum en eiginmanninum. Þetta aukna frelsi hefur þó haft þann vanda í för með sér að konur eiga erfitt með að sjá fyrir sér og börnum sínum vegna hins karllæga vinnu-markaðar. Kafli Walby um menningu fjallar um framsetningu kyngervis sem hluta af því ferli sem skapar menningarlegar hugmyndir um kvenleika og karlmennsku. Í umfjöllun sinni um kynverund veltir Walby því fyrir sér hvort kynverundin sé grunnur valds karla yfir konum. Hún segir birtingarmynd þess hvernig kynverund kvenna er stjórnað hafa færst frá einkasviðinu yfir á hið opinbera svið. Walby tekur fram að oft sé kynverund talin engu máli skipta fyrir launavinnu en það er alls ekki rétt, kynferðisleg áreitni getur til dæmis fælt konur frá vissum tegundum vinnu eða tilteknum vinnustöðum. Tekið er dæmi um þetta af slökkviliðinu í London á 9. áratug síðustu aldar. Með ofbeldi á Walby við nauðganir, kynferðislega áreitni, ofbeldi í nánnum samböndum og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Hún segir ofbeldi karla gegn konum hafa öll einkenni félagsleg kerfis. Lokapátturinn, þáttur ríkisins, er að mati Walby tengdur kynjuðum pólitískum öflum enda sé ríkið hluti af kynjakerfinu. Að hennar mati hafa þó orðið breytingar til batnaðar, meðal annars með því að opna menntakerfið fyrir konum.

Samspil hinna sex þátta myndar, að mati Walby (1990), sérstakt form af kynjakerfi. Að hennar mati er nauðsynlegt að huga að öllum þáttunum þar sem orsakasamhengi sé milli þeirra, bæði styrkjandi og letjandi, þótt þeir séu einnig tiltölulega sjálfstæðir. Þetta sé nauðsynlegt til að fanga fjölbreytileikann í kynjasamskiptum í vestrænum samfélögum og forðast þannig einföldun á veruleikanum og þá gildru að ætla körlum og konum fast eðli út frá kyni.

Walby (1990) gerir einnig greinarmun á kynjakerfi einkalífsins og hinu opinbera kynjakerfi, þótt bæði kerfin taki til allra þáttanna sex á einn eða annan hátt. Þegar konur unnu ekki launavinnu utan heimilis voru þær engu að síður óbeinir þátttakendur í opinbera kerfinu en með launaðri vinnu kvenna verða þær háðari enn fleiri þáttum, svo sem framboði og eftirspurn eftir vinnuafli. En einnig losnar að hluta til um tak karla á konunum innan veggja heimilis; þær sem vinna launaða vinnu verða sjálfstæðari. Samkvæmt hugmyndum Walby eru konur þannig að jafnaði ekki lengur útilokaðar frá samfélagsþátttöku en yfirráðin byggist fremur á aðgreiningu og undirskipun. Walby segir útilokunina miða að því að hindra konur alveg frá aðgangi að vinnumarkaði og launaðri vinnu. Aðgreiningin sé hins vegar

veikari aðferð þar sem markmiðið sé að skilja konur frá störfum karla og flokka konur undir karla svo það hafi áhrif á laun og stöðu. Ef við skoðum þetta í samhengi þá stunda konur og karlar gjarnan nám og starfa á mismunandi sviðum, t.d. karlar í byggingariðnaði og konur við hjúkrun, og ef þær eru á sömu sviðum og karlar, þá eru þær gjarna í lægri stöðum, þ.e. í undirskipuðum störfum. Til nánari útskýringar má nefna sem dæmi að hlutfall karla sem skólastjóra grunnskóla er hærra en hlutfall þeirra sem kennara.

Þær hugmyndir sem ekki síst bera uppi kynjakerfið eru hinar rótgrónu hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Hugmyndir um karlmennsku fela gjarna í sér líkamlegan styrk, aga, rökvísí, hlutlægni og samkeppni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Aftur á móti er kvenleiki talinn fela í sér valdaleysi og veikleika, sköpunargáfu, tilfinningasemi og samvinnu. Samkvæmt þessum viðteknu og oftast óskráðu hugmyndum er karlmennskan gróf en kvenleikinn vísar til fínleika og veikra burða (sjá t.d. Connell, 1995; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Útbreiddar eru líka þær hugmyndir í íslensku samfélagi að körlum beri að vera fyrirvinnur heimila (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Í umræðum um menntun kvenna seint á nítjándu öld var áberandi óttinn um að konur yrðu fráhverfar móður- og húsmóðurhlutverkinu sem talið var þeirra náttúrulega hlutverk (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2011). Fram eftir tuttugustu öld varð síðan húsmæðrahugmyndafræði ríkjandi og hafði jafnvel mikinn hljómgrunn innan kvennahreyfingarinnar (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Þrátt fyrir að hugmyndir um kvenleika breytist eitthvað í tímans rás (sjá t.d. Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001) eru fá eða engin teikn á lofti um að sjálf grundvallarhugmyndin um ólíkt eðli karla og kvenna sé á miklu undanhaldi. Nýlegar rannsóknir um stöðu kvenna í karlagreinum í Háskóla Íslands staðfesta að hefðbundnar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika hafa veruleg áhrif þegar konurnar eru að hasla sér völl í raunvísindum (svo sem stærðfræði og tölvunarfræði) og verkfræði (sjá t.d. Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011; Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2011).

Hugtakið feðraveldi var gjarna notað af félagsvísindafólki, t.d. Max Weber sem notaði það til að vísa til valds húsbænda yfir hjúum. Af þeim sjónarhóli er staða karla yfir sér yngri eða lægra settum körlum ekki síður mikilvæg og jafnvel mikilvægari en staða karla yfir konum (Walby, 1990). Meðferð hugtaksins hefur breyst í gegnum tíðina og er notað á mismunandi hátt af fræðimönnum. Bandaríski sagnfræðingurinn Judith Bennett telur feðraveldishugtakið enn mikilvægt þar sem ekkert annað hugmyndakerfi henti jafn vel til að setja kynjamismunun í samhengi (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2009). Bennett heldur því fram að feðraveldið leiti sífellt jafnvægis. Vissulega verði stundum breytingar á stöðu kynjanna til skamms tíma en til lengri tíma litið sé breytingin óveruleg. Síðari rannsóknarspurninguna – um hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda konum undir – verður því að skoða í þessu ljósi.

Aðferð

Femínistar hafa þróað og gert tilraunir með eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem þær henta tilgangi þeirra um að opinbera raddir og reynslu kvenna (Ramazanoğlu og Holland, 2002). Í fræðasamfélagi femínista tíðkast að beita ólíkum fræðilegum nálgunum sem þó eiga það sameiginlegt að horft er til kynjamisréttis og kynjaðra valdatengsla (Rannveig Traustadóttir, 2003). Þó svo femínistar nálgist túlkun á reynslu á mismunandi hátt er mikilvægt að taka upplifun fólks á reynslu sinni sem nauðsynlegan þátt í þekkingu á kynjuðu lífi og raunverulegum valdatengslum (Ramazanoğlu og Holland, 2002). Femínískar rannsóknir eru gerðar í þeim tilgangi að gefa innsýn í kynjaðan veruleika sem ekki yrði annars gaumur gefinn. Rannsóknir á kynjuðu lífi sem slíku gera þó rannsókn ekki femíníska heldur sú nálgun sem gerir sér grein fyrir að vald karla yfir konum er óeðlileg skipan mála. Rannsóknarverkefni geta verið femínísk ef þau nýta sér femínískar kenningar og hafa það

að markmiði að skapa þekkingu sem hægt er að nota á áhrifaríkan hátt til að breyta kynjuðum órétti og undirskipun. Enda segir Rannveig Traustadóttir (2003) femínista oft nýta sér rannsóknaraðferðir sem geta leitt til breytinga og aðgerða konum til handa.

Við framkvæmd rannsóknarinnar, sem hér er greint frá, var stuðst við aðferðir fyrirbærafræði í anda svokallaðs Vancouver-skóla. Fyrirbærafræðilegar nálganir í rannsóknum snúast fyrst og fremst um skilning á tilgangi mannlegra fyrirbæra (Sigríður Halldórsdóttir, 2000). Þetta gerir fyrirbærafræði að góðri aðferð til að rannsaka reynslu fólks. Þátttakendur í rannsóknum sem gerðar eru samkvæmt Vancouver-skólanum eru kallaðir meðrannsakendur eða samræðufélagar og gagnasöfnunin fer fram með samræðum við þá í þeim tilgangi að öðlast skilning á því mannlega fyrirbæri sem rannsakað er (Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Mat okkar er að Vancouver-skólinn henti vel með femínísku sjónarhorni þar sem litið er á þátttakendur sem meðrannsakendur. Þetta viðhorf til þátttakenda fellur til að mynda vel að þeim áherslum femínískra rannsakenda að mikilvægt sé að gæta að valdajafnvægi milli rannsakanda og þátttakanda (Ramazanoğlu og Holland, 2002). Samtölin sjálf eru aftur á móti í flestum tilvikum lík öðrum opnum rannsóknarviðtölum.

Í samræmi við aðferðir Vancouver-skólans var notað tilgangsúrtak (e. *purposeful sampling*) til að finna samræðufélaga, konur sem höfðu reynslu af námi í húsasmíði annars vegar og tölvunarfræði hins vegar. Litið var til þess að væntanlegir samræðufélagar hefðu nokkra fjarlægð á reynslu sína og væru ekki alveg nýbrautskráðir en hefðu þó lokið námi á síðustu sex árum. Þetta var gert í þeim tilgangi að samræðufélagarnir gætu litið yfir farinn veg og miðlað af reynslu sinni. Í úrtakinu urðu að lokum átta konur, fjórir húsasmíðir og fjórir tölvunarfræðingar.

Ýmsar aðferðir voru notaðar til að finna samræðufélaga. Haft var samband við framhaldsskóla sem buðu upp á nám í húsasmíði, háskóla sem buðu nám í tölvunarfræðum og konur fundnar í gegnum sameiginlega kunningja og með leit á Veraldarvefnum. Af þeim nafnalistum sem fengust voru konur valdar af handahófi. Leitast var við að velja konur úr fleiri en einum skóla til þess að fá meiri breidd í rannsóknina og mögulega ólíka reynslu úr mismunandi skólum. Niðurstaðan varð sú að þátt í rannsókninni tóku húsasmíðir sem höfðu stundað nám í þremur framhaldsskólum og tölvunarfræðingar sem höfðu stundað nám í þremur háskólum.

Haft var samband við konurnar í gegnum síma eða tölvupóst. Þær sem byrjað var á að hringja í fengu síðar tölvupóst þar sem tilgangur rannsóknarinnar var útskýrður sem og fyrirkomulag samtala. Ein kona var valin í einu og haft samband við hana. Fyrri höfundur ræddi við hana, skráði samtölin og greindi þau áður en næsta kona var valin og svo koll af kolli þar til metnun var náð í þeim skilningi að lítið af nýjum upplýsingum kom fram í hvorri starfsgrein fyrir sig. Talað var tvívegis við tvær kvennanna, eina úr hvorri starfsgrein, í sama tilgangi, og alls voru því samtölin tíu talsins. Konurnar voru á aldrinum 26–36 ára þegar samtöl áttu sér stað. Meðalaldur þeirra var 31,5 ár. Bakgrunnur þeirra, annar en faggrein, var margvíslegur. Lengd samtala var 60–80 mínútur og fóru þau fram á tímabilinu janúar 2009 til janúar 2010.

Rannsóknin var unnin í samræmi við rannsóknarferli Vancouver-skólans í fyrirbærafræði en það byggir á 12 meginþrepum. Þemagreining fór fram á þrepum 4 til 9 enda gerir rannsóknarferlið ráð fyrir að gagnasöfnun og gagnagreining séu unnin samhliða (Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Þemun voru fundin með því að rýna í texta samtalanna og gera hugtakalíkan fyrir hvern og einn samræðufélaga. Því næst var gert sameiginlegt hugtakalíkan annars vegar fyrir húsasmíðina og hins vegar fyrir tölvunarfræðingana og að lokum sameiginlegt hugtakalíkan fyrir alla þátttakendur. Meginspurningin við greiningarvinnuna var þessi: Hver er rauði þráðurinn í reynslu viðkomandi? Farið var aftur og aftur yfir uppritanir úr samtölum og hlustað á upptökur á samtölunum nokkrum sinnum til þess að koma í veg

fyrir að mikilvæg hugtök sætu eftir. Rannsakendurnir ræddu síðan um niðurstöðurnar sín í milli og hvernig væri rétt að túlka þær.

Eftir því sem leið á gagnagreininguna varð ljóst að auk þess að túlka reynslu kvennanna almennt séð byðu upplýsingarnar upp á að skoða hvernig kynjakerfiskenning Walby gagnaðist til að túlka reynslu smiðanna og tölvunarfræðinganna. Því tóku höfundar greinarinnar sig saman um að skoða gögnin betur til að spyrja hvort kynjakerfið kæmi fram í reynslu kvenna sem hafa stundað nám og störf sem eru óhefðbundin fyrir kyn þeirra og hvaða einkenni eða teikn um það væru skýrust. Enn fremur, og í anda kynjakerfiskenningar Walby, hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda konum undir þrátt fyrir tilraunir þeirra til að bjóða því birginn með því að nema og starfa í hefðbundnum karlagreinum.

Niðurstöður

Hér er sagt frá þeim þemum í reynslu kvennanna sem þátt tóku í rannsókninni þar sem vísbendingar koma fram um kynjakerfið. Þemun voru fundin með því að leitast í rannsóknarferlinu við að greina kjarnann í því sem hver þátttakandi hafði að segja. Þótt ákveðinn rauður þráður hafi verið sameiginlegur í reynslu samræðufélaga var reynsla hvers og eins frábrugðin reynslu annarra á ýmsan hátt, þótt enginn þeirra skæri sig sérstaklega úr.

Flest þemu sem voru fundin í gögnunum tengjast opinbera kynjakerfinu fremur en kynjakerfi einkalífsins og birtast einkum í aðgreiningu og undirskipun fremur en útilokun, sbr. *Töflu 1*. Ítarlegri grein er gerð fyrir hverju þeirra hér á eftir. Í upphafi umræðukafla er síðan nánar skoðað hvernig þemum sem fram komu spila saman og mynda heild.

Tafla 1 – Félagslegt yfirráðakerfi		
Útilokun	Aðgreining	Undirskipun
	Hefðbundið námsval kynjanna	Hefðbundið námsval kynjanna
		Strákastelpur – Stelpustrákar
	Kynjaskipting í verkefnum	Kynjaskipting í verkefnum
		Launamunur
		Efasemdir um hæfni
Kynferðisleg áreitni – tilraun til útilokunar		Kynferðisleg áreitni
		Fjölskylduaðstæður – hægari yfirferð í námi

Helstu þemu sem fram komu í viðtölum við átta konur sem eru smiðir og tölvunarfræðingar.

Hefðbundið námsval kynjanna

Af hverju ekki bara að sleppa þessu bóknámskjaftæði sem maður var búinn að fá leið á eftir þrjú ár og fara út í það sem manni finnst gaman að gera?

Svona spyr húsasmiðurinn Frigg sem var búin að flakka á milli framhaldsskóla og prófa

bóknámsbrautir af ýmsu tagi áður en hún tók þá ákvörðun, komin yfir tvítugt, að læra smíðar.

Ef horft er til hefðbundins námsvals kynjanna má í raun bæði sjá aðgreiningu og undirskipun. Í sinni skýrustu mynd gerir hefðbundið námsval það að verkum að kynin ráðast til starfa á ólíkum sviðum vinnumarkaðar, það er konur sér og karlar sér (Hagstofa Íslands, 2010a). Í hefðbundnu námsvali og starfaskiptingu sjáum við einnig undirskipun þar sem hefðbundnum kvennastörfum sem lúta oft að umhyggju er gjarna minni virðing sýnd en hefðbundnum karlastörfum sem oft snúa að tækni (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004).

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni voru ekki útilokaðar frá námi í karllægum greinum en voru hins vegar í miklum minnihluta. Þótt þær væru ekki útilokaðar einkenndist náms tíminn þó bæði af aðgreiningu og undirskipun, eins og lýst er hér síðar, og þannig birtist hið félagslega yfirráðakerfi í námi þeirra. Það er samt stutt í útilokunina þegar fram kemur að þrjár af konunum fjórum sem voru smíðir höfðu átt náinn ættingja, t.d. föður eða afa, sem var smíður. Þegar hluti kerfisins enn þann dag í dag byggist á því að til að komast í verknám á vinnustöðum skiptir máli að eiga einhvern að sem getur tekið mann í vinnu. Þótt þetta atriði hafi í tímans rás líka verið útilokandi fyrir karla (Gestur Guðmundsson, 1993) þurfa flestar konur að yfirvinna tvöfalda hindrun. Þrjár af fjórum samræðufélögum þurftu þó aðeins að yfirvinna einfalda hindrun í þessu tilviki, það er þær nutu fjölskyldutengsla til að komast að á vinnustöðum.

Í samhengi við birtingarmynd kynjakerfisins í náms- og starfsvali er athyglisvert að skoða þá staðreynd að smíðirnir voru allir komnir yfir tvítugt þegar þeir ákváðu að hefja húsa-smíðanámið. Í rannsókn Mastekaasa og Smeby (2008) sést sama tilhneiging, þ.e. að þeir einstaklingar sem valið hafa nám sem ekki telst hefðbundið fyrir kyn þeirra taki ákvarðanir um námsval síðar en þeir sem velja hefðbundið nám. Við teljum þetta geta merkt að til að bjóða kynjakerfinu birginn og takast á við félagslegt yfirráðakerfi þurfi að hafa þroska og reynslu í farteskinu. Konurnar sjálfar voru þó ekki uppteknar af því að þær væru hugsanlega einhvers konar múrbrjótar en þegar við fórum að skoða gögnin betur í ljósi kynjakerfiskenninga, þá hefði vissulega verið gaman að spyrja þær betur berum orðum að einmitt þessu.

Strákastelpur

Verið svona nett strákastelpa ...

Þrjár af fjórum húsasmiðum og einn tölvunarfræðinganna útskýrðu góð viðbrögð fjölskyldu og vina við námsvali þeirra með því að þær væru strákastelpur, sem sagt að þær hefðu viðhorf og áhugamál sem einkum eru talin tilheyra körlum. Þær notuðu orð eins og „verið nett svona strákastelpa“, „alltaf verið ein af strákunum“, „var algjör strákastelpa þegar ég var lítil“ og „ekki endilega þessi týpíska stelpa“.

Úr þessum útskýringum þeirra mátti lesa ákveðið stolt sem tilkomið er vegna meiri virðingar fyrir hinu karllæga en hinu kvenlæga. Að vera strákastelpa þykir í góðu lagi en að vera stelpustrákur er síður í lagi (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Í sænskri rannsókn kom fram að þær konur sem hófu nám í byggingagreinum höfðu áður valið óhefðbundnar leiðir í áhugamálum eða fyrra námi (Olofsson, 2003). Frigg húsasmiður lýsti áhugamálum sínum sem bílum, bílaviðgerðum og björgunarsveitarstörfum. Það hefði því engan veginn verið úr takti að velja sér nám og störf í karllægri grein.

Hjá Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur og Þorgerði Einarsdóttur (2011) kemur fram að af tíu konum, sem þær töluðu við og stunduðu nám í raun- og tæknivísindagreinum, skilgreindu sig margar sem strákastelpur. Jafnframt sögðust þær lítið finna fyrir því að kynjahlutfallið væri skakkt. Sambærileg upplifun á sérstaklega við samræðufélagana sem

lært höfðu tölvunarfræði; þannig sagði ein þeirra um sig og stelpurnar sem voru með henni í námi: „Ég held að engin af okkur hafi verið eitthvað að spá í að við værum í einhverju strákanámi.“ Húsasmiðirnir voru á hinn bóginn meðvitaðri um kynjahlutfallið í sínu námi.

Kynjaskipting í verkefnum

Þegar ég hugsa það núna að við sem vorum hérna, stór hluti af kvenfólkinu eða bara mestur hluti af kvenfólkinu, við vorum alltaf að forrita á móti eitthvað frá bönkunum. Í viðmótinu sem sagt. Á meðan karlarnir í deildinni voru meira í ... að forrita á móti vélunum, þú veist, baklandi okkar, sko.

Það er Gná tölvunarfræðingur sem hefur orðið og lýsir því hvernig kynjakerfið er sýnilegt í verkaskiptingu kynja innan tölvunarfræðigeirans. Fram kemur í rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2009) að konur innan tölvunarfræðigeirans vinni fremur í þjónustu við viðskiptavinum og karlar fremur við forritun sem felur í sér lágmarkssamskipti við viðskiptavinum. Samkvæmt lýsingu Gnáar, eins af meðrannsakendum okkar, birtist þessi verkaskipting kynja í sjálfri forrituninni. Konurnar forrituðu mest í samspili við viðskiptavinum og karlarnir mest fyrir vélarnar. Konurnar telja sjálfar að þetta eigi sér þær skýringar að mannlegu samskiptin höfðu miklu frekar til kvenna en karla. Þetta viðhorf kemur einnig fram í rannsókn Gyðu.

Í verkaskiptingu kynjanna má greina aðgreiningu annars vegar og undirskipun hins vegar. Aðgreiningin felst í því að búa til kvennastörf og karlastörf innan tölvunarfræðigeirans. Undirskipunin má svo sjá í því að forritun, sem oft er tengd snilli, tilheyrir ljóslega hinum karllæga hluta starfsins en bein þjónusta við viðskiptavinum hinum kvenlægar hluta sem skipað er undir hinn karllæga. Þetta kemur fram bæði í rannsókn okkar og í rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur.

Þá kom fram hjá smiðunum í hópi samræðufélaganna að þær telja sig í reynd hafa fengið meiri hjálp og meiri athygli í náminu en karlkyns samnemendur fengu. En þær þurftu einnig að hafa meira fyrir því að sanna sig, sérstaklega í verknáminu þar sem vinnuáðstæður gátu verið erfiðar og vinnuandi þeim óhagstæður kynsins vegna eins og betur er lýst í kaflanum um áreitni hér á eftir.

Eru þessir meintu ólíku hæfileikar kynjanna í raun ein af birtingarmyndum kynjakerfisins? Gyða Margrét Pétursdóttir (2009) hefur eftir stjórnanda tölvufyrirtækis að hann finni hæfileika kvenna liggja meira í þjónustu en hæfileika karla í forritun og hugbúnaðarþróun. Því má jafnvel halda fram að þannig sé lögd áhersla á snilli, jafnvel snilli án fyrirhafnar, sem hluta af karlmennsku. Á móti má segja að hér kunni að endurspeglast vel áhrif af mismunandi reynslu kynjanna af tölvum áður en í námið er komið þar sem konurnar sem rætt var við nefndu gjarna að karlkyns samnemendur þeirra hefðu frekar haft reynslu af forritun áður en þeir hófu nám heldur en konurnar. Ýmsar rannsóknir sem lúta að konum í tölvunarfræði sýna þessa mismunandi reynslu kynjanna af tölvum fyrir nám (Bunderson og Christensen, 1995; Kolbrún Fanngeldisdóttir, 2003; Tillberg og Cohoon, 2005).

Launamunur

[Ég] veit ég er ráðin inn þótt ég sé bara sem sagt skrifstofumanneskja þannig séð. Þá ráða þeir mig inn út á þetta nám. Af því að þeir hafa hugsað sér og eru að vinna í í, sem sagt, svona gagnavinnslu. Þannig að þeir eru, held ég, að hugsa sér gott til glóðarinnar að fá ódýrari starfsmann.

Þetta er upplifun Sjafnar tölvunarfræðings og í henni má sjá undirskipun sem lýsir sér í því að talið er forsvaranlegt að ráða tölvunarfræðing í skrifstofustörf en ætla sér síðan

leynt og ljóst að nýta þekkingu viðkomandi án þess að greiða fyrir það „uppsett verð“, ef þannig má að orði komast. Annar tölvunarfræðingur í rannsókninni komst í tæri við kynbundinn launamun á sínum vinnustað þar sem karlar reyndust hafa hærra laun en konur sem sumar hverjar höfðu lengri starfsaldur og meiri reynslu en þeir.

Lengi vel var kynbundinn launamunur talinn endurspeglar ólíkan starfsvettvang kynjanna og skýrður með mismunandi náms- og starfsvali kynjanna (Forsætisráðuneytið, 2004). Nýleg könnun sem gerð var fyrir félagsmálaráðuneytið sýnir að marktækur munur mælist á meðalheildarlaunum kvenna og karla í öllum menntunarhópum og einnig innan einstakra starfsséttu (Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís H. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008). Samt virtust kvenkyns tölvunarfræðingarnir í rannsókninni hafa ágætari tekjur, þótt þær fyndu fyrir launamuninum. Þær höfðu valið grein með góðum tekjumöguleikum en kynjakerfið er í reynd óhaggað.

Efasemdir um hæfni

Þeim fannst í raun og veru ... ég veit það ekki, kannski hef ég upplifað einhvern tímann minnimáttarkennd. Að fólki fyndist vont að maður kynni eitthvað sem það kynni sko ekki, kannski öðruvísi ef það væri karlmaður. Og þetta mæta í tíma og „hvað ætlar þú að fara að kenna okkur?“ Skilurðu? Auðvitað eru það þínu fordómar sem að sko kannski skipta ekki máli en kannski karlmaður hefði ekki mætt.

Þetta segir tölvunarfræðingurinn Gná. Hjá öðrum tölvunarfræðingi kom fram að þær konur sem kennt höfðu henni á tölvubraut í framhaldsskóla og í háskólanáminu hafi að hennar mati ekki verið eins hæfar og karlkennararnir. Reynolds Gnár, sem vitnað er í hér að framan, af því að hafa sjálf kennt á tölvur var sú að það væri erfiðara fyrir konur en karla, sérstaklega þegar kom að því að kenna körlum. Í þessu má sjá vissa undirskipun kvenna í greininni. Í rannsókn Bunderson og Christensen (1995) sem gerð var meðal nemenda í tölvunarfræði í bandarískum háskóla kemur fram að kennarar geri frekar grín að konum heldur en að bjóða þeim aðstoð og reiknað sé með að þær skilji ekki það sem kennarar eru að útskýra fyrir nemendum. Þá kemur einnig fram að karlkyns nemendur telja konur ekki eins hæfar og karla. Undirskipunin snýr því bæði að konum sem kennurum og sem nemendum.

Áreitni

Og ég fattaði þetta ekki fyrst. Þetta bara gerðist allt í einu. Bara allt í einu var hann bara ógeðslega leiðinlegur við mig og var alltaf bara eitthvað svona, þú veist, ó kei, ég var bara svona meira og meira bara svona hrædd við hann einhvern veginn og ég var eiginlega bara orðin svona þunglynd af að fara í vinnuna.

Svona lýsir húsasmiðurinn Eir því hvernig viðmót verkstjórans hennar í verknámi breyttist eftir að hún eignaðist kærasta. Annar smiður segir reynslu sína vera þá að þegar kona sé komin inn í karlaheim geti myndast „groddelegt andrúmsloft“ sem takast verði á við með því að setja mörk, ætli konur sér að þrífast í greininni. Því fer fjarri að sanngjarnt væri að lýsa upplifun meðrannsakenda okkar af karlavinnustöðunum sem mjög slæmri eða sem ljósu ofbeldi – en samt virðast þær þurfa að vera á varðbergi. Samkvæmt Walby (1990) er kynferðisleg áreitni hluti af kynjakerfinu og beitt í þeim tilgangi að stjórna konum á vinnustað og jafnvel útiloka þær frá ákveðnum störfum. Þetta mætti ef til vill líka túlka sem tilraun til undirskipunar. Sumar kvennanna lýstu því að sú staðreynd að þær væru smiðir rétt eins og karlarnir sem þær unnu með virtist á einhvern hátt ógna sumum körlunum sem fyrir voru og þeir hafi mætt þeirri ógn með áreitni.

Byrd (1999) telur þau vandkvæði sem sérstaklega mæta konum í smíðum vera kynferðislega áreitni og neikvæðan vinnustaðaranda sem einkennist af vanvirðingu. Konur í sænskum byggingariðnaði hafa lýst lærlingstíma sínum sem erfiðasta hluta námsins þar sem fram hafi komið neikvæð viðhorf og fordómar og einstaka kona upplifði einelti og kynferðislega áreitni í náminu eða verknámi (Olofsson, 2003). Samkvæmt rannsókn Hrafnhildar Snæfríðar- og Gunnarsdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur (2011) verða konur í raun- og tæknivísindagreinum einnig fyrir barðinu á ruddalegri myndni þar sem ekki síst er gert út á hlutgeringu kvenna sem viðfanga í klámi.

Fjölskylduaðstæður

Ég reyndar tók mér aðeins lengra af því að ég var með heimili og og og börn og svoleiðis þannig að ég tók eitt aukaár.

Sjöfn var sú eina af tölvunarfræðingunum sem var búin að stofna fjölskyldu þegar hún hóf nám og af þeim ástæðum fór hún hægar yfir en venja er. Húsasmiðurinn Freyja átti tvö börn þegar hún hóf námið, sem hún hafði haft augastað á í nokkurn tíma, en vildi ekki skrá sig í fyrr en börnin væru orðin nógu gömul eins og hún orðar það. Hún hafði áður hafið nám í öðru fagi og þá verið með mjög ungt barn og gefist upp, meðal annars vegna þess að illa gekk að samræma fjölskyldulífið og námið. Reynsla þessara tveggja kvenna er á engan hátt einstök, til dæmis er hún í fullu samræmi við niðurstöður rannsókna sem sýna að umönnun barna og heimilisstörf eru að mestu leyti í höndum kvenna (Forsætisráðuneytið, 2004; Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Hér má segja að kynjakerfi einkalífsins birtist.

Þær úr hópi húsasmiðanna sem átta börn sáu góða möguleika á sveigjanleika í störfum, sérstaklega í því að vinna sjálfstætt og geta lagað vinnutímann að þörfum fjölskyldunnar. Flestir tölvunarfræðinganna nefndu góða tekjumöguleika sem stóran áhrifaþátt í námsvali. Í rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2009) kemur fram að einstæðar mæður, sem hún ræddi við, völdu fremur tiltölulega stutt og hagnýtt nám þar sem atvinnumöguleikar þóttu góðir.

Umræður

Við mátuðum þá sex þætti kerfisins sem Walby hefur skilgreint við niðurstöður þessarar rannsóknar. Þótt rannsóknaraðferðin gæti einungis leitt í ljós upplýsingar um suma þeirra sjáum við engu að síður mjög skýr teikn. Við undirstrikum að þættirnir sex eru samofnir þannig að sams konar teikn geta verið til marks um fleiri en einn þátt.

Fyrsti þátturinn sem Walby skilgreinir er launavinna. Hér var athuguð reynsla kvenna sem eru í störfum óhefðbundnum fyrir kyn þeirra. Það var einkennandi í langflestum tilvikum að smíðarnar og tölvunarfræðin þóttu finni en „kvennastörfin“ sem samræðufélagarnir hefðu getað valið. En konurnar nutu engan veginn fulls jafnræðis innan greinanna, hvort heldur litið er á laun eða stöðu þeirra almennt í greinunum. Hér er því mikið verk að vinna og vissulega mun einstaklingsbundið náms- og starfsval eins og kvennanna sem talað var við í þessari rannsókn geta haft fordæmisgildi fyrir aðrar konur og fyrir drengi sem sjá karla og konur saman í ólíkum störfum.

Þegar kemur að heimili, öðrum þættinum sem Walby nefnir, kom færra fram. Athyglisverðast er þó að margar af konunum átta völdu störfin einmitt út frá fjölskylduhagsmunum. Sumar þeirra upplifðu dæmigert karlastarf, eins og smíðar, sem fjölskylduvænt, þar sem hægt væri að laga það að fjölskylduaðstæðum. Tölvunarfræðina völdu aðrar konur vegna atvinnu- og tekjumöguleika til að framfleyta fjölskyldu.

Margt kemur fram sem lýtur að kynverund og greinilegt er að kyn einstaklinganna, hvort heldur er samræðufélaganna eða félaga þeirra í námi eða starfi, var yfir og allt um kring. Konurnar túlkuðu sig sjálfar sem „netta strákastelpu“ og „eina af strákunum“ og útskýrðu þannig hvernig þær eru í karlastarfi. Í smíðunum töldu þær sig hafa fengið meiri athygli og jafnvel meiri aðstoð í náminu en karlkyns samnemendur.

Ef við lítum á menningarþáttinn er menningin sem konurnar þurftu að fara inn í, bæði í námi og á vinnustöðum, mjög kynjuð, háð kynferði einstaklinganna. Þannig var t.d. skipað niður í störf innan tölvunarfræðinnar út frá meintum ólíkum hæfileikum kynjanna – konur væru snjallari í samskiptum við viðskiptavinum – en ekki þeim faglega bakgrunni sem karlararnir og konurnar höfðu aflað sér. Rík tilhneiging var til þess að konurnar þyrftu að vera betri en karlarnir til að ná árangri. Slík tilhneiging er á engan hátt einsdæmi fyrir konur í tölvunarfræði heldur kemur fram, m.a. í rannsóknum meðal kvenna í stjórnunarstöðum í viðskiptalífnum (Catalyst, 2007).

Ofbeldi getur verið bæði leynt og ljóst. Konurnar þurftu að ganga inn í vissa karlamenningu á vinnustöðunum. Menningin sem slík var í flestum tilvikum ekki ofbeldismenning af því að konunum virðist hafa dugað að setja skýr mörk en kröfurnar um að laga sig að karlamenningunni voru samt fremur ósveigjanlegar. Nokkuð skýrt dæmi um ofbeldi eða ofbeldiskennda hegðun er þó þegar konan sem eignaðist kærasta fann fyrir breyttu og fjandsamlegu viðmóti verkstjóra.

Síðastur af sex þáttum Walby er ríkið. Við skoðuðum það bara óbeint í samtölunum en samt kemur ýmislegt fram. Hér skiptir líklega mestu máli að ríkið hefur lítið gert til að skipta sér af möguleikum til að komast að í iðnnámi eða gegn launamun og mismunum í atvinnugreinum almennt – og þar af leiðandi alls ekki í smíðum eða tölvunarfræði sérstaklega. Þótt meistarakerfið í iðngreinum sé ekki lengur jafnráðandi um aðgengi og fyrir nokkrum áratugum kemur hér skýrt fram að þrjár af fjórum smíðanna sem rætt var við áttu ættingja í smíðum og það greiddi götu þeirra að starfinu.

Svarið við spurningunni hvort kynjakerfið komi fram í reynslu kvenna sem hafa stundað nám og störf sem eru óhefðbundin fyrir kyn þeirra er einfaldlega, já. Einkenni kynjakerfisins birtust einkum í formi aðgreiningar og undirskipunar en síður í því formi að konur væru beinlínis útilokaðar enda eru konur nú gjarnan í störfum sem áður voru eingöngu karlastörf. Konurnar komast fremur inn í karlastörf en áður tíðkaðist – það er að þær eru síður útilokaðar – en þá virðist sem þeim mæti aðgreining og undirskipun. Sterkustu vísbendingarnar lúta að launamuni kynjanna og þeirri verkaskiptingu kynjanna sem virðist byggð á meintum áhugasviðum og meintri hæfni.

Viðtölin við konurnar átta leiddu ekki í ljós sérstök merki um beina útilokun en aðgreininguna og undirskipunina var víða að finna, hvort sem konurnar sjálfar töldu sig verða varar við það eða ekki. Þær fengu lægri laun en karlarnir þrátt fyrir að vera í líkum störfum innan fyrirtækjanna. Einnig kom fram að þær urðu fyrir karlamiðuðu gríni, sem var meðal annars lýst sem groddalegu andrúmslofti og ýmsum öðrum gerðum óþæginda og áreitni sem tók mið af því að þær eru konur. Spurningunni um hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda konum neðar í kerfinu en körlum verður því líka að svara játandi. Þetta gerðist þrátt fyrir tilraunir þeirra til að bjóða því birginn með því að nema og starfa í hefðbundnum karlagreinum. Niðurstöðurnar virðast því staðfesta það sem Walby (1990) hefur haldið fram um kynjakerfið að með aðgreiningu og undirskipun sé markmiðið að skilja konur frá störfum karla og skipa þeim undir svo það hafi áhrif á laun og stöðu. Kynjakerfið viðheldur þannig sjálfu sér.

Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn?

Hvort sem konurnar átta sér skýra grein fyrir því eða ekki þá hafa þær allar ögrað kynjakerfinu, hinu félagslega yfirráðakerfi, með námsvali sínu. Þó svo þeim sé mætt með aðgreiningu og undirskipun virðast þær ekki láta það á sig fá. Þær fóru í nám sem höfðaði til þeirra og sáu í því möguleika, bæði á ánægjulegu starfi og á að sjá sér og sínum farborða. Persónulega bjóða þær kerfinu birginn en það dugar skammt þar sem kynjakerfið er „kerfi“ en ekki persónuleg sérvíska. Þorgerður Einarsdóttir (2006) hefur bent á að kerfi-slæg fyrirbæri séu gjarna einstaklingsgerð í almennri orðræðu og látið sé í það skína að kerfið byggist allt á vali einstaklinga, lítt eða ekki háðu samfélagslegum aðstæðum eða viðteknum hugmyndum. Svipað kom fram í viðtölum Hrafnhildar Snæfríðar- og Gunnarsdóttur við kvenstúdentu í raun- og tæknivísindagreinum (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011). Hjá viðmælendum hennar er einstaklingshyggja „hið hlutlausu viðmið“ og því er auðvitað hætt við því að konum, sem tekst að bjóða kynjakerfinu birginn, verði það erfiðara en ella að uppgötva andstreymið þegar þær fá öðruvísi störf og lægri laun en karlarnir við hliðina á þeim.

Rannsókn okkar undirstrikar að meðan konur eru í aðgreindum og undirskipuðum störfum innan fyrrum karlastarfgreina, þótt þær hasli sér völl þar, munu þær þurfa að hafa mikið fyrir því að fá laun á borð við karlana. Þetta stafar af því að launamunur karla og kvenna hefur haldist lítið breyttur all lengi, nema þar sem gripið er til sérstakra og róttækra aðgerða eins og t.d. hjá Akureyrarbæ á tímabilinu 2004–2005 (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2008; Katrín Björg Ríkarðsdóttir, 2011a). Þar var gert mikið átak í að leiðrétta launamun og gera launagreiðslur gagnsæjar, réttlátar og sanngjarnar, til dæmis með því að greiða fyrir raunverulegt vinnuframlag og afnema ógagnsæjar greiðslur á borð við óunna yfirvinnu og fastar akstursgreiðslur. Hin sterka tilhneiging til þess, þegar kannanir á launamun eru túlkaðar, að finna aðrar skýringar en kyn einstaklinganna og ræða fremur óútskýrðan launamun kynja en heildarlaunamun (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004) á líka sinn þátt í því að birta launamuninn sem einstaklingsmun fremur en kerfisbundinn mun kynjanna.

Í rannsókn okkar birtist kynjakerfið því í fjölbreytilegum myndum en fátt kemur á óvart þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá kenningum um það og út frá fyrri rannsóknnum. Við búum í einstaklingshyggjusamfélagi þar sem tilhneiging er til þess að afneita kerfis-lægum þáttum. Þetta er í raun og veru sérstaklega áberandi þegar kemur að stöðu kvenna og karla. Því er ekki að sjá að kynjakerfið, eins og það er skilgreint af Walby (1990), sé á undanhaldi með sína aðgreiningu og undirskipun en ef til vill er minni útilokun frá hefðbundnum starfsgreinum karla en áður tíðkaðist. Þess vegna er mikilvægt að skólakerfið sé meðvitað um stöðu kynjanna í samfélaginu almennt. Ekki er nóg að hvetja konur í nám í greinum sem karlar hafa hingað til fremur sótt ef skólakerfið er ekki tilbúið og kennarar ekki tilbúnir að treysta kvenkyns nemendum til að leysa þau verkefni sem fyrir þá eru lögð. Það er að sjálfsgöðu mikilvægt að jafna námsval kynjanna en það dugar ekki eitt og sér ef skólakerfið og vinnumarkaðurinn eru ekki í stakk búin að taka á móti báðum kynjum og eru föst í gildru staðalmynda sem hafa áhrif á verkaskiptingu, laun og flesta eða alla þætti sem hafa áhrif á stöðu kynjanna.

Lokaorð

Reynsla kvennanna átta sem rætt var við bendir til að skoða þurfi ýmsa þætti, bæði í skólum og atvinnulífi og bæta þar úr svo bæði kyn hafi jafna möguleika á því að spjara sig, og svo gripið sé til hátíðlegs orðalags, að sköpunarkraftur einstaklinga í samfélaginu verði ekki heftur á kynbundnum forsendum. Þótt rannsóknin sé lítil teljum við hægt að læra af henni fyrir bæði þau svið sem hún nær til, húsasmíðar og tölvunarfræði, og ef til vill fyrir önnur svið líka. Okkur er ekki síst ofarlega í huga hvernig vinna megi á lúmskum þáttum kynbundinnar menningar á vinnustöðum til að koma í veg fyrir að konur og karlar hrökklist

frá námi eða störfum sem hugur þeirra stendur til. Kynjakerfiskenning Walby kennir okkur að ekki má líta á þann þátt óháð öðrum, hann þarf að skoða í ljósi af öllum þeim þáttum sem hér voru nefndir að framan og flóknu samspili þeirra á milli.

Heimildir

Bunderson, E. D. og Christensen, M. E. (1995). An analysis of retention problems for female students in university computer science programs. [Rafræn útgáfa.] *Journal of Research on Computing in Education*, 28(1), 1–18.

Byrd, B. (1999). Women in carpentry apprenticeship: A case study. [Rafræn útgáfa.] *Labor Studies Journal*, 24(3), 3–22.

Catalyst. (2007). *The double-bind dilemma for women in leadership: damned if you do, doomed if you don't*. New York, San Jose, Toronto og Zug: Catalyst. Sótt 19. febrúar 2012 af <http://www.catalyst.org/file/45/>

Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity.

Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís H. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2009). Sagnfræðin, femínisminn og feðraveldið. Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur ræðir við Judith M. Bennett, prófessor í sagnfræði við University of Southern California. *Saga*, 67(2), 39–54.

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2011). *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Sagnfræðistofnun og RIKK.

Forsætisráðuneytið. (2004). *Efnahagsleg völd kvenna: Skýrsla nefndar um efnahagsleg völd kvenna. Unnin fyrir forsætisráðuneytið*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 5. september 2008 af http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnahasleg_vold_kvenna/EVKskyrsla.pdf.

Francis, B. og Skelton, C. (2005). *Reassessing gender and achievement: Questioning contemporary key debates*. London og New York: Routledge.

Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Sammennt.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2004). Ólík hugsun um störf eftir kynferði. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V. Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 193–206). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). The development of Icelandic womanhood at the turn of two centuries: From motherly nature to sex appeal. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Stjórn málafræðideild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 1–9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the aura of gender equality. Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Hagstofa Íslands. (2010a). *Konur og karlar á Íslandi 2010*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2010b). *Nemendur eftir námsbraut, skólastigi, tegund náms, almennu sviði og kyni 1997–2009*. Sótt 25. september 2010 af <http://www.hagstofa.is/hagtolor/skolamal>
- Hjördís Sigursteinsdóttir. (2008). *Launaúttekt Akureyrarbæjar árið 2007: Unnið fyrir samfélags- og mannréttindaráð*. Akureyri: RHA.
- Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Kannski erum við orðnar svo miklar strákastelpur að það haga sér allir eins.“ Um orðræðu og áhrifa-valda í menningu raun- og tæknivísindagreina. *Tímarit um menntarannsóknir*, 8, 103–123.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rann-sóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Katrín Björg Ríkarðsdóttir. (2011a, mars). *Eitt er að vilja, annað að þora og gera*. Erindi flutt á hádegisfundi Er þetta allt að koma: Launajafnrétti, aðgerðir og niðurskurður 8. mars 2011. Glærur í eigu höfundar.
- Katrín Björg Ríkarðsdóttir. (2011b). *Þú þarft bara að sanna þig: Reynolds kvenna af námi og starfi sem telst óhefðbundið fyrir kyn þeirra – húsasmíði og tölvunarfræði*. Óbirt meist-araprófsritgerð: Háskólinn á Akureyri.
- Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir. (2010). Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rann-sóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 174–184). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kolbrún Fanngeirsdóttir. (2003). *Konur og tölvunarfræði*. Háskólinn í Reykjavík. Sótt 24. september 2010 af http://www.ictwomendirectory.eu/digitalcity/servlet/PublishedFileServlet/AAAAVAVX/Women_and_computerscience.pdf
- Mastekaasa, A. og Smeby, J.C. (2008). Educational choice and persistence in male- and female-dominated fields. *Higher Education*, 55, 189–202.
- Olofsson, B. (2003). *Byggbranschen en möjlighet för kvinnor?* Stokkhólmur: Byggkomm-issionen. Sótt 25. apríl 2010 af http://www.byggkommissionen.com/webdoc/Data/6/Files/27/BO_030227_mojlighet_kvinnor.pdf.
- Ramazanoğlu, C. og Holland, J. (2002). *Feminist Methodology. Challenges and Choices*. London, Thousand Oaks, New Delhi: Sage.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Femínískar rannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðis-vísindum* (bls. 267–279). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2000). The Vancouver school of doing phenomenology. Í B. Fridlund og C. Hildingh (ritstjórar), *Qualitative methods in the service of health* (bls. 47–81). Lundur: Studentlitteratur.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði

Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur – Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). *Kvenna megin: Ritgerðir um femíníska heimspeki. Íslensk heimspeki VIII*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Tillberg, H. K. og Cohoon, J. M. (2005). Attracting women to the CS major. [Rafræn útgáfa.] *Frontiers: A Journal of Women Studies*, 26(1), 126–140.

Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford og Cambridge: Blackwell.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 445–456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls. 199–220). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2004). Kynbundinn launamunur: umræðan um skýrðan og óútskýrðan launamun kynjanna í gagnrýnu ljósi. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II: Kynjafræði – kortlagningar* (bls. 247–271). Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2011). Kyngervi raunvísinda: Námsval og aðstæður kvenna í hefðbundnum karlagreinum við Háskóla Íslands. *Tímarit um menntarannsóknir*, 8, 80–102.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf>